



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SKANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Sigrún Árdís Einarsdóttir
styrkþegi

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins
Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Með breyttum aðstæðum og auknum fólksflutningum hefur fjöldi erlendra nemenda í íslenskum skólum aukist til muna. Með það að leiðarljósi hafa Samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu staðið fyrir fræðsluátaki sem snýr að móttöku innflytjenda og hvernig grunnskólakerfið tekur á móti þeim og veitir þeim nám við hæfi. Í framhaldi af því var 12 kennurum á höfuðborgarsvæðinu veittur styrkur til tveggja vikna fræðsluferðar á skólaárinu 2018-2019 með það að markmiði að kynnst daglegu skólastarfi og kennslu í fjölmenningslegu skólaumhverfi í skólum í Skandinavíu.

Ég var svo lánsöm að vera ein þeirra sem hlaut þann styrk og var tilhlökkun og eftirvænting mikil. Með slíkri heimsókn gefst mér tækifæri til að skoða sambærileg störf í nágrannalöndum okkar og nýta mér þá vitneskju í mitt daglega starf sem kennari nemenda með annað móðurmál en íslensku. Stefnan var tekin á Svíþjóð og síðastliðin janúar hélt ég í lærdómsríka ferð til Stokkhólms þar sem mér gafst tækifæri til að kynnst fjölbreyttu og vel skipulögðu starfi í tveimur skólum; Farsta Grundskola-Adolf Frederiks musikklasser og Skarpatorpsskolan.

Í eftirfarandi skýrslu má lesa um ferðina í heild sinni, skólana sem ég heimsótti, skipulag þeirra og þann lærdóm sem ég tel mig hafa grætt af heimsókninni, bæði á persónulegum nótum og þann sem nýtist til að bæta móttöku nemenda af erlendum uppruna í íslenska skólakerfinu.

1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Við staðfestingu á styrkveitingu fór ég fljótlega að huga að því hvert förlinni skyldi heitið. Óskin var að heimsækja skóla þar sem hlutfall innflytjenda væri hátt, með það í huga að áhugavert væri að sjá hvernig skólar í nágrennalöndunum bregðast við slíkri áskorun. Með þá von í brjósti setti ég stefnuna á Svíþjóð, þar sem áralöng reynsla er til staðar í tengslum við móttökur nemenda af erlendum uppruna.

Með haustinu setti ég saman bréf sem ég sendi á fjölda skóla og á skólaskrifstofuna í Stokkhólmi. Lítið var þó um svör og þegar langt var liðið á haustið var hin upphaflega bjartsýni um að finna skóla og kennara sem væru viljugir að taka á móti mér farin að dvína. Það var því mikill léttir að fá svar frá Kristínu Ansaldo, ráðgjafa í málefnum nemenda af erlendum uppruna frá skólaskrifstofunni í Stokkhólmi. Kristína vinnur náið með kennurum sem kenna sænsku sem annað mál á Stokkhólmsvæðinu og var öll af vilja gerð að aðstoða mig við að finna skóla. Einu símtali seinna fóru því hjólin loksins að snúast og innan skamms hafði ég fengið staðfestingu frá tveimur skólum.

Ferðin fór fram dagana 14-25. janúar og eyddi ég rúmlega fjórum kennsludögum í hvorum skóla fyrir sig. Vinnudagarnir hófust klukkan 8.00 og lauk ýmist við lok kennslu eða við lok vinnudags. Eftir kennslu gafst gott tækifæri í spjall, spurningar og skoðun á námsefni og námskipulagi. Í heildina var virkilega vel tekið á móti mér og eiga þeir kennarar sem ég fylgdi eftir hrós skilið fyrir allan þann tíma og upplýsingar sem þeir deildu með mér.

2. Heimsóknarskóli/-ar

Eins og fram hefur komið var fyrirkomulaginu háttað þannig að ég heimsótti tvo skóla í Stokkhólmi. Skipulagið í þessum skólum var nokkuð ólíkt en þó má segja með vissu að gott skipulag og utenumhald, jákvætt viðhorf kennaranna og sú skoðun að vellíðan nemenda væri í fyrirrúmi hafi verið einkennandi í báðum skólum.

Fyrri vikuna fylgdi ég kennara í móttökudeild í **Farsta Grundskola - Adolfs Frederiks musikklasser**. Skólinn er staðsettur í Farsta, úthverfi í suðurhluta Stokkhólms og er almennur hverfisskóli fyrir börn á aldrinum 6-16 ára. Við skólann stunda tæplega 1000 grunnskólanemar nám og eins og geta má af nafni skólans er hluti hans söng og tónlistarskóli sem rekinn er innan skólans. Hverfið er snyrtilegt og iðar af lífi og er skólinn staðsettur við kjarna bæjarins. Í nágrenni við skólann má finna íbúðarhótel þar sem innflytjendum býðst tímabundið húsnæði og í samræmi við það hefur skólinn hátt hlutfall innflytjenda, eða um 50% þeirra nemenda sem sækja skólann.

Einkunnarorð skólans eru; ábyrgð, hreyfing, söngur, öryggi og allir með og má segja að þau tvö síðastnefndu hafi verið einkum áberandi innan móttökudeildarinnar. Þar er öllum

tekið opnum örmum og veitt námsumhverfi sem einkennist af skýrum reglum, öryggi og umhyggju. Þetta er í takt við stefnu skólans en hún er sú að allir nemendur fái jöfn tækifæri, geti náð árangri í námi og öðlast kunnáttu við hæfi. Þannig á enginn hópur á að upplifa sig útundan og þess í stað vill skólinn nýta sér þá auðlind sem fjölbreytni er og gera úr því jákvæða upplifun.

Í móttökudeildinni fylgdi ég Inger Schwartz - reyndum kennara sem hefur sérmenntað sig í kennslu sænsku sem annars máls og unnið í fjöldamörg ár með nemendum af erlendum uppruna. Hún sinnir utanumhaldi um móttökudeildina ásamt öðrum kennara og tveimur aðstoðarkennurum og vinna þau saman að skipulagningu kennslunnar. Móttökudeildin tekur á móti nemendum á aldrinum 10-16 ára en þeir nemendur sem eru í yngri deildum fara beint inn í almenna bekki en fá þó auka aðstoð og kennslu í sænsku. Samhliða móttökudeildinni sækja nemendur tíma í almennum bekkjum og við lok náms innan deildarinnar halda þeir áfram að taka sænsku sem annað mál.

Innan deildarinnar eru 16 nemendur af ólíkum uppruna. Sumir þeirra hafa lítið gengið í skóla, koma úr erfiðum aðstæðum eða hafa jafnvel komið til Svíþjóðar fylgdarlausir. Öll eru þau mislangt komin í sænskunni og í námi almennt en sinna þó námi sínu af ákafa og þrautseigju. Algengt er að nemendur stoppi í móttökudeildinni í 1-2 ár en fljótlega eftir komu sína byrja þau að sækja ákveðin fög með sínum bekk. Þetta þarf að gerast eigi síðar en 2 mánuðum eftir komu til landsins og þannig þræðast nemendur hægt og rólega inn í hið almenna skólakerfi eftir því sem færni í sænsku og öðru námi eykst.

Samhliða þessu hafa allir nemendur tækifæri til sækja kennslu í sínu móðurmáli. Þessar kennslustundir fara fram á föstudagsmorgnum en þá byrjar skólinn klukkustund seinna. Þetta nám er því ekki á kostnað annarra greina og er val foreldra. Í viðbót við þetta njóta nemendur af erlendum uppruna þeirrar þjónustu að fá stuðning móðurmálskennara inni í almennum kennslustundum (studiehandledare). Þetta getur verið allt frá einni klukkustund til fjögurra stunda á viku og fer eftir stöðu nemenda. Þjónustan er dýr en Svíar virðast þó ekki slá af þessari þjónustu og er skemmtilegt að sjá flæði kennara sem koma og fara í skólastofuna með það að markmiði að efla nemendur í sínu námi.

Innan móttökudeildarinnar er nemendum sinnt af alúð og umhyggju. Inger er frábær kennari sem nær vel til nemendanna og virðist hafa góða innsýn og skilning á þeirra aðstæðum. Rútínan er sterkur liður í kennslu og byrja allir dagar á sama hátt, nemendur bjóða kennara góðan daginn við dyrnar, heilsa honum með handabandi, skila snjalltækjum og fara svo í sameiningu yfir dag og mánuð á töflunni.

Innan deildarinnar er lögð áhersla á alla færniþætti tungumálanámsins og því má sjá kennslu lesturs, hlustunar, tals og ritunar fara fram jöfnum höndum. Innlögn orðaforða er

reglulegur liður í kennslu og er málfræðin ávallt fléttuð inn í þá kennslu. Þannig læra nemendur t.a.m kyn, tölu og tíð orða samhliða orðaforða og eru myndir og annað sjónrænt efni mikið notað í þeim tilgangi. Mikil áhersla er lögð á talað mál og er þetta gert með reglulegum samræðum, keðjuverkefnum og samlestri en allt þetta eykur sjálfstraust nemenda þegar kemur að því að nýta sænskuna í daglegum samskiptum. Þessi áhersla á sjálfstraust nemenda og trú á eigin getu var áberandi og fá nemendur reglulega að skella sér í hlutverk kennarans og sýna upp á töflu hvað þeir hafa lært.

Ég tók sérstaklega eftir því hvað skýr mörk voru innan deildarinnar. Kennararnir leggja mikið uppúr því að kenna nemendum skólareglur, hefðir og venjur, enda sum þeirra lítið eða ekkert verið í skóla. Þannig horfir móttökudeildin á mun meira en kennslu sænsku en auk hennar læra nemendur um siði og venjur í Svíþjóð, menningarfærni, hreinlæti, kurteisi, skólareglur, samskipti og aðrar faggreinar sem kenndar eru í sænskum skólum. Nýir nemendur fá bækur í stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði þar sem sérstakur gaumur er gefin að grunnorðaforða í þessum greinum. Uppruni nemenda fær mikla athygli og virðingu og þannig er menningarnám tengd við menningu nemenda og þeirra tungumáli og uppruna veitt athygli.

Inger hefur gott samstarf við foreldra og heldur vel utan um nemendur. Áður en nemandi byrjar sér skólaskrifstofan (Start Stockholm) um mat á nemendum og ákveður svo skóla út frá þörfum nemendans. Í kjölfar þess hittir Inger foreldra í ítarlegt móttökuvíðtal þar sem þarfir nemendans eru skoðaðar og hún kynnir sænskt skólaumhverfi og þá aðstöðu sem er í boði, t.d frístundaklúbb og aðgang að bókasafni.

Í lok vikunnar spurði ég kennarahópinn hvort það væri eitthvað sem þau vildu breyta. Þau svöruðu því að þau væru til í að fá meiri aðstoð frá sérkennara, að nemendahópurinn væri ef til vill sér á báti en þó væru nemendur með sérþarfir sem þyrftu aðstoð þrátt fyrir utanumhaldið í deildinni. Einnig töluðu þau um óskir um betri samskipti á milli kennara, tungumálakennara, móðurmálskennara og nemenda og þótti mér þetta vera í samræmi við þær óskir sem kennarar tala um hér heima.

Seinni vikuna fylgdi ég kennurum í **Skarpatorsskolan** sem staðsettur er í Skarpnäck, úthverfi í suðurhluta Stokkhólms. Skólinn er tvískiptur í yngri og eldri deildir og hefur aðstöðu í tveimur húsnæðum. Samtals sækja um 500 nemendur á aldrinum 6-16 ára skólann og um 80% nemenda eru með erlendan uppruna.

Skólinn er ólíkur þeim sem ég heimsótti fyrri vikuna hvað varðar skipulag en kennsluaðferðir voru þó með svipuðum hætti. Í Skarpatorpsskolan hefur móttökudeildin verið lögð niður og skólinn hefur síðastliðin 15 ár fylgt skipulagi sem kallast

språkutvecklande arbete. Í samræmi við það er tungumálakennsla höfð í fyrrirúmi og þræðist inn í allar kennslustundir með áberandi hætti. Mikið samstarf er á milli tungumálakennara, umsjóna- og faggreinakennara og nemenda og er það hlutverk tungumálakennara að fræða hina kennara skólans um aðferðir í kennslu sem leggja áherslu á tileinkun og skilning tungumálsins. Allir nemendur fá mentor/leiðbeinanda sem hittir þá einu sinni í viku í hóp og einu sinni á önn einstaklingslega. Þetta er gert til að hjálpa nemendum að ná sínum markmiðum og sinna allir kennarar þessu hlutverki.

Einkunnarorð skólans eru lærdómur, samskipti og samstarf og var þetta einkum áberandi enda mikið samstarf kennaranna á milli sem og á milli nemenda og kennara. Þar er tungumálið haft að leiðarljósi og er þetta í samræmi við stefnu skólans en hún er sú að tungumálið sé nauðsynlegur hlekkur í velgengi nemendans. Tungumálið er því grunnurinn í öllu því sem skólinn leggur áherslu á.

Í skólanum eru 5 kennarar sem kenna sænsku sem annað mál og fékk ég að fylgjast með kennslu hjá þeim öllum. Þannig fékk ég tækifæri til að skoða starfið bæði hjá yngri og eldri deildum, inni í almennum bekkjum og í kennslustundum fyrir nemendur sem voru nýkomnir til landsins.

Fyrri hluta vikunnar var ég hjá eldri bekkjum skólans. Þar fylgdi ég Miu Möller sem er teymisstjóri yfir kennslu sænsku sem annars máls og sinnir kennslu þeirra nemenda sem komið hafa til Svíþjóðar á síðastliðnu ári. Þeir nemendur fara í sænsku í klukkustund á dag en eru annars inni í almennum bekk. Kennsluaðferðir voru ekki ólíkar því sem ég sá í fyrri skólanum og er nemendum kennt í gegnum þematengt efni og málfræðinni ávallt fléttað inni þá kennslu. Kennsluaðferðir Miu eru fjölbreyttar og nýtir hún sér bæði bóklegar og verklegar kennsluaðferðir. Þegar ég kom í heimsókn voru nemendur að klára þema um ávexti og enduðu það á því að gera ávaxtasalat í sameiningu. Nemendur nutu þess og fengu tækifæri til að æfa þann orðaforða sem þau höfðu verið að vinna með.

Auk móttöku nýrra nemenda í skólanum samkennir Mia (co-teaching) ákveðin fög með faggreinakennurum skólans. Allir tungumálakennarar skólans sinna slíkri kennslu og þannig vinna faggreinakennarar/ umsjónakennarar og tungumálakennarar ávallt saman að kennslu. Með þessu geta kennarar komið ólíkum áherslum til skila, einn kennari einblínir á efnið og annar á tungumálið. Þetta gerir hann með því að kynna mikilvægan orðaforða fyrir tímann og kenna nemendum leiðir til að taka orð og texta í sundur með það að markmiði að skilja hann betur. Það var alveg ótrúlegt að fylgjast með kennurunum vinna saman og var þetta á stundum eins og að horfa á vel æft leikrit, slík var samvinnan. Kennarar skólans voru sammála um að slík kennslunálgun gagnist öllum, bæði innfæddum og erlendum nemendum.

Seinni hluta vikunnar fékk að fylgjast með kennslu yngri nemenda. Þar fylgdi ég Ásu og sinnir hún kennslu sænsku sem annars máls hjá yngri deildum. Auk þess hefur hún umsjón yfir móttöku nemenda af erlendum uppruna og sér um, ásamt Miu, að leiðbeina öðrum kennurum um kennsluaðferðir sem gagnast þessum nemendum vel. Ása nær vel til nemendahópsins og leggur mikla áherslu á þeirra bakgrunn og menningu. Við kennslu orðaforða stoppar hún reglulega og leyfir nemendum að segja orðið á sínu móðurmáli og notast við fjölbreyttar aðferðir við kennslu, t.d samræður, fyrirmælaverkefni (föndurverkefni) og bóklega vinnu. Í öllum skólanum er mikil áhersla á lestur og ritun. Þannig læra nemendur tækni við að gera greinamun á mismunandi textatýpum og hvaða aðferðir má nota til að skilja flókna texta betur. Þetta var líka gert hjá yngstu nemendum og var gaman að fylgjast með Ásu kenna þeim þessa tækni.

Í takt við stefnu skólans er samstarfið við nemendur og foreldra mikil. Við komu nýs nemenda tekur Ása hlé frá allir kennslu og fylgir þeim nemenda allan daginn í heila viku, þetta á líka við um frímínútur og matartíma. Þetta kallar hún kynningarviku. Hægt og rólega fara þeir nemendur síðan inn í almennar kennslustundir en áður en það gerist talar hún við kennara um hvernig best er að undirbúa komu nemendans. Eftir tvær vikur í skólanum er síðan fundur með foreldrum til að taka stöðu nemendans. Auk þess les hún yfir alla vikupósta, tekur út mikilvægar upplýsingar, þýðir yfir á ensku og sendir á erlenda foreldra.

Á bókasafni yngri nemenda vakti það athygli mína að í einu horni var bókahilla með bókum á fjölmörgum tungumálum. Mér var sagt að þessar bækur væru teknar á hverri önn frá aðalbókasafninu og svo skipt út reglulega. Nemendur hafa því tækifæri til að lesa bækur á sínu móðurmáli.

Síðasta daginn minn í Skarpatorpsskolan var fræðsla fyrir alla kennara og móðurmálskennarar um “translanguaging”. Það var áhugavert að sitja fræðslu á tungumáli þar sem skilningurinn er takmarkaður en engu að síður vakti efnið áhuga minn. Þetta eru fræði sem ég hef ómeðvitað stuðst við í minni kennslu og get vel hugsað mér að kynna mér betur og var skemmtilegur endir á fróðlegri heimsókn í Skarpatorpsskolan.

3. Lærdómur minn

Mér finnst ég virkilega lánsöm að hafa fengið þetta frábæra tækifæri. Það er dýrmætt að fá innsýn í móttöku nemenda af erlendum uppruna þar sem reynslan er til staðar og fá um leið tækifæri til að skapa tengsl og kynnast kollegum okkar í nágrennalöndunum. Það var áberandi hversu sterk og samofin þessi stétt kennara er og það var styrkur í því að spjalla saman, deila hugmyndum og upplifa sameiginlega ábyrgð í þessu starfi, þrátt fyrir að fjarlægð og tungumál skilji okkur að.

Fyrst og fremst þótti mér það virkilega holl æfing að stíga út fyrir þægindarammann og í nýtt tungumálaumhverfi. Ég reyni ávallt að setja mig í spor nemenda minna en engu að síður var þetta áhugaverð reynsla, að sitja í kennslu og að fylgja samræðum þar sem skilningurinn er takmarkaður. Þetta hjálpaði mér að skilja hversu mikilvægt það er að útskýra efnið/ orðin fyrirfram og hversu mikið það getur hjálpað til við skilning. Þá er hægt að leita af viðeigandi þekkingu/skema í heilanum og nýta það til að reyna sem best að skilja það sem fram fer. Þetta er í samræmi við það sem ég sá í kennslunni sem ég fylgdist með, sértaklega í seinni skólanum þar sem áherslan var lögð á tungumálakennslu í skólaumhverfinu í heild sinni. Þar var mikil áhersla á að útskýra viðeigandi orðaforða/ hugtök fyrir kennslustundina og er þetta eitthvað sem ég hef reynt að hafa í huga síðan ég kom heim.

Auk þess hef ég reynt að nýta mér þær aðferðir sem ég sá úti og nota t.d mun meiri samlestur nú en hér áður fyrr. Ég er mjög meðvituð um að láta nemendur ekki gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, sérstaklega þegar tungumálakunnátta er takmörkuð, en úti sá ég hversu góð æfing þetta getur verið. Nemendur leiðrétta hvorn annan og æfa í leiðinni framsögn og tjáningu. Um leið er ég meira meðvituð um mikilvægi þess að kenna nemendum leiðir til að taka orð og texta í sundur og leita þannig leiða til að skilja tungumálið.

Ég var alveg heilluð af fræðinni á bakvið “translanguaging” og vonast til að geta kynnt mér þau betur í náinni framtíð. Mér finnst mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að halda áfram að öðlast nýja þekkingu og að takmörkuð tungumálakunnátta hindri það ekki. Ég hef því verið ófeimnari við að hvetja nemendur til að afla sér upplýsinga á sínu móðurmáli og hef um leið aukið pláss í kennslunni fyrir móðurmál þeirra. Það er engin ástæða til að íslenskan sé í samkeppni við móðurmálið og tel ég að nemendur geti grætt mikið á því að þeirra tungumáli og menningu sé gefinn athygli.

Að lokum horfi ég öðrum augum á móttöku nemenda af erlendum uppruna. Ég sé hversu mikilvægt það er að nemendur fari hægt og rólega inn í starfið og að það sé aðili sem fylgir þeim á meðan þeir taka sín fyrstu skref í nýju landi. Þannig mun ég sjá til þess að þeir nemendur sem koma nýir inn hjá mér í framtíðinni fái betra utanumhald, gott móttökuvíðtal og að samstarf við foreldra sé mikið frá byrjun.

Allir kennararnir sem ég hitti tóku virkilega vel á móti mér og sáu til þess að ég sæi starfið út frá mörgum sjónarhornum. Mér þótti gaman að sjá að margar af kennslu-aðferðunum voru ekki ólíkar því sem ég hef verið að styðjast við og um leið sér maður hversu vel þær eru að virka. Sem nýr kennari þá skiptir þetta miklu máli fyrir mig og hefur gefið mér aukið sjálfstraust til að takast á við starf mitt heima.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Það er dýrmætt að fá tækifæri til að sjá hvernig málum er háttað í nágrennalöndum okkar. Þar er áralöng reynsla og dýrmæt þekking til staðar sem vert er að skoða og nýta við móttöku nemenda af erlendum uppruna. Ég tók sérstaklega eftir hversu jákvæð viðhorf einkenndu allt skólaumhverfið og þrátt fyrir að þarna séu miklar kröfur á kennara þá virðast allir horfa jákvæðum augum á þá áskorun, hugsa í lausnum og tækla vandamál á afburðagóðan máta.

Mér finnst þjónustan sem Svíar bjóða upp á til fyrirmyndar. Þar hafa allir nemendur tækifæri til að læra móðurmál sitt og til að fá aðstoð móðurmálskennara í kennslustundum. Það þarf ekki nema fimm nemendur sem tala sama móðurmál í Stokkhólmi til að forsendur séu fyrir því að ráða kennara sem talar það tungumál. Þetta er bæði atvinnuskapandi fyrir innflytjendur og býður nemendum upp á aukin tækifæri til að sinna námi eftir sinni bestu getu. Ég veit að Reykjavíkurborg er farin að bjóða uppá svona þjónustu í einhverjum skólum en það væri frábært að sjá slíkt í boði í fleiri bæjarfélögum.

Í samræmi við þetta finnst mér jákvætt að sænska sem annað tungumál sé kennd sem sér námsgrein í Svíþjóð. Erlendir nemendur fara því í sænsku sem annað mál, eru í því út skólagönguna og eru metnir á þeim forsendum. Þeir taka sömu samræmdu próf og aðrir nemendur en eru þó metnir öðruvíis og er þetta eitthvað sem við mætum taka okkur til fyrirmyndar.

Við þessa kennslu hafa kennarar aðgang að fjölbreyttu námsefni. Í Svíþjóð eru margar námsbækur í boði fyrir sænskukennslu, aðlagð efni í öðrum námsgreinum og víðtækir gagnagrunnar þar sem hægt er að finna hljóðrænt og myndrænt efni sem hentar vel í kennslu. Mikill tími fer í að leita að kennsluefni hér heima og það væri draumur að hafa aðgang að fjölbreyttu og heildstæðu efni sem hægt væri að nýta í kennslu íslensku sem annars máls.

Að lokum fannst mér áhugavert að sjá mismunandi skipulag í skólunum úti. Það hefur verið mikil umræða hér heima um hvernig best er að sinna innflytjendum í skólakerfinu og hafa margir litið neikvæðum augum á móttökudeildir. Mér fannst því áhugavert að sjá hversu vel heppnað skipulagið var í móttökudeildinni í Farsta. Eftir fyrstu vikuna var ég svo heilluð af skipulaginu að ég var fullviss um að enginn kæmist með tærnar þar sem þau hefðu hælana. Við komu mína í Skarpatorpsskolan var ég þó ekki síður hrifin og sá að það skipulag virkaði einnig mjög vel. Það má því segja að engin ein leið sé réttari en önnur og líklegast þarf bara að meta aðstæður hverju sinni. Það er þó ljóst að það er mikilvægt að nemendur fái góðar móttökur og eftirfylgni við komu, hafi griðarstað í skólanum og sé ekki dembt inn í nýtt tungumála og námsumhverfi án eftirfylgni.

5. Lokaorð

Mér finnst ég einstaklega heppin að hafa fengið tækifæri til að fara í skólaheimsókn til Svíþjóðar. Ég græddi mikið á heimsókninni, kom mun vísari til baka og mun búa að reynslunni um ókomna tíð. Við skipulag ferðar var ég þó örlítið óviss um það fyrirkomulag að fara ein en eftir á að hyggja get ég þó sagt að það skipulag hafi virkað einstaklega vel. Það hefði vissulega verið styrkur í því að geta rætt málin við ferðafélaga en þess í stað er ég viss um að ég hafi sett mig betur inn í aðstæður úti og kynnst bæði starfi og kennurum mun betur. Þannig öðlaðist ég tækifæri til að skapa tengsl sem ég get styrkt og nýtt til áframhaldandi samstarfs við kollega mína í Svíþjóð. Það kom skemmtilega á óvart að kennararnir sem ég fylgdist með voru virkilega jákvæðir út í þessa heimsókn og töluðu allir um hversu mikið þeim fannst þeir hafa grætt á henni. Með slíkum heimsóknum sköpum við samstarf sem er ómetanlegt þegar kemur að því takast á við breyttar aðstæður hér heima. Það viljum við gera á jákvæðan máta og með leiðum og viðhorfum sem gefa öllum nemendum jöfn tækifæri í námi.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Kópavogur

Dags. 24.mars 2019

Sigrún Árdís Einarsdóttir

Kennari í Salaskóla

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.